

Borgarráð 15. ágúst 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ráðningarferli hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins MSS24080049

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig umsækjendur um störf hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins eru metnir með tilliti til andlegra styrkleika í ljósi þess að starf slökkviliðs fólks er eitt álagsmesta starf sem hægt er að hugsa sér. Fulltrúi flokks fólksins hefur áhuga á að fá upplýsingar um hvaða ferli og prófanir eru notuð til að finna út hverjir passa í starfið. Ganga umsækjendur í gegnum ítarlegt sálfræðimat og sálfræðiviðtöl til að kanna andlegan styrk þeirra og getu til að standast andlegt álag áður en þeir fá inngöngu í Slökkviliðið?

Greinargerð

Eins og allir vita bíður það slökkviliðsfólks að starfa jafnan við gríðarlega erfiðar aðstæður. Erfiðar upplifanir geta ýtt undir líkamleg og andleg streituviðbrögð sem sýnt hefur verið að geti síðar leitt til áfallastreitu. Í kröfum um inntökuskilyrði segir eftirfarandi "Þær/þeir sem verða ráðnar/-ir til starfa sem slökkviliðsmenn skulu hafa góða líkamsburði, vera andlega og líkamlega heilbrigðir, reglusamir og háttvísir, hafa góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og ekki vera haldnir lofthæðslu eða innilokunarkennd"

Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins lýtur að því hvernig þessir andlegu þættir eru metnir og hvort umsækjendur gangi undir ítarlegt sálfræðimat áður en umsókn þeirra er samþykkt. Það segir sig sjálf að starf eins og þetta hentar ekki öllum, þrátt fyrir að mörgum gæti þótt það spennandi vegna áskorana sem það krefst.